

**236. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 28. 01 2015 kl. 09:30  
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.**

Mættir: SvB, IGG, KG, NP, PA, VLF

**1. Fundargerð síðasta fundar**

SP

**2. Inntaka nýrra félaga**

Engar umsóknir

**3. Aðildargjalda til BSRB**

LSS hefur fjallað um málið í öllum stofnunum félagsins síðan 2009. Hjá BSRB liggur fyrir að breyta innheimtu aðildargjalda þannig að innheimt verði ákv. % af heildarlaunum í stað grunnlauna. Það þýðir ca. 4 milljóna króna hækkun á útgjöldum LSS vegna aðildar að BSRB. LSS hefur ekki ráð á þessum auknu útgjöldum. LSS vill ekki innheimta af heildarlaunum, né hækka félagsgjaldið. Niðurstaðan í öllum stofnunum LSS hefur verið að; verði þetta samþykkt á þingi BSRB þá hættir LSS í BSRB. Málið hefur verið rætt á stjórnarfundum, fulltrúaráðsfundum og þingum. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skrifa greinagerð til BSRB í samræmi við umræðuna. Þing BSRB verður haldið dagana 28. – 30. október.

**4. Ársfundur LSS**

Umræður um hvort halda eigi ársþing LSS á þriggja ára fresti, í stað tveggja eins og nú er. Ársreikningar fyrir 2014 verða tilbúnir í mars. Lagt er til að ársfundurinn (fulltrúaráðsfundurinn) verði haldinn 16. apríl í salnum í Brautarholti.

**5. Fagdeild. Sjúkraflutningar**

Grunnám. Stefnt er að því að hefja nýtt grunnám í haust. Um er að ræða þriggja anna nám, B+I og meira til, starfsnám og tímafjöldi. Fyrsta önnin yrði um 400 tímar, ca. 10 vikur. Skoðað verður hvernig nýtt og gamalt verður tengt saman. NP er í fagráði og faghópi Sjúkraflutningaskólans.

Brádataekninám. Ekkert nýtt hefur komið fram varðandi það að kenna P á Íslandi. Mestur tími fer í að skipuleggja nýja grunnámið.

Umræður um námskeið í Danmörku, B og P nám. Fá upplýsingar um námið. Upplýst um nýtt „app“, Veolteck-Elvar. Um er að ræða app sem er í þróun, sem snýst um að hægt sé að senda boð í síma heilbrigðisstarfsmanna sem eru staddir nálægt „acut“ tilfelli.

**6. Fagdeild Slökkviliðsmanna**

„Mottu mars“ verður á árinu. Viðræður eru í gangi við Krabbameinsfélagið. Rætt um að LSS fari með fyrirlestra um krabbamein, um landið í marsmánuði. Netfang fagdeildarinnar verður; [Bruni@lsos.is](mailto:Bruni@lsos.is) .

**7. Fagdeild Slökkviliðstjóra**

Ráðstefna slökkviliðanna og Mannvirkjastofnunar verður 12. og 13. mars á Selfossi.

Umræða um merkingar á fatnað varðstjórum. Fá netfang fyrir deildina.

## 8. Samningar SNS, SNR og LSS

Starfsmat - það vantar reglur frá framkvæmdanefnd starfsmatsins til að hægt sé að klára málið sem bókað var með kjarasamningnum.

Samstarfsnefnd Isavia og LSS, FFR, SFR er að vinna að málum síðasta kjarasamnings.

Námskeið –vaktaskrá

Komið er fram minnisblað frá BSRB vegna veikindaréttis v langveikra barna – jákvætt mál.

Að frumkvæði Félags hjúkrunarfræðinga hafa félög vaktavinnustétta verið að funda um að fara fram með sameiginlegar kröfur, t.d. stytting vinnuviku.

Rætt um að LSS fari einir í kjarasamningaviðræður við SNS og SNR.

Farið yfir stöðuna á eftirhreitum.

## 9. Hver er staðan hjá SA og BS

Það eru ýmsar væringar í gangi hjá BS í kjölfar þess að ný stjórn tók við í júní.

Tiltölulega rólegt hjá SA utan nokkurra launamála sem hafa verið send til SNS.

## 10. Hvernig ber að fara með 0,10

Formaður stjórnar Starfsmenntunarsjóðs sat þennan lið.

Umræður um tilurð þessarar viðbótar. Farið yfir bréf frá BSRB –sjá fylgiskjal.

Samkvæmt þessu fylgiskjali þá eru 0,1% undir yfirráði stjórnar LSS til notkunar í málum tengdum félagsmönnum, trúnaðarmönnum, mannauðsmálum o.sv.frv.

Ákveðið að stofna nýja bók undir Starfsmenntunarsjóði þar sem framlagið er lagt inn og stjórn síðan úthlutar/notar eftir nánari ákvörðunum. Athuga hvernig önnur félög ætla að hafa þetta fyrirkomulag.

## 11. Aðildargjöld til LSS

Umræður um gjöld frá vara-liði BS og frá minni slökkviliðum úti á landi. Átak er í gangi við að fá þau gjöld sem LSS ber.

## 12. Næstu stjórnarfundir

Næsti stjórnarfundur verður 19. febrúar og síðan 19. mars.

Stefnt er á ársfund (fulltrúaráðsfund) 16. apríl og þá stjórnarfund sama dag.

## 13. Önnur mál:

a) **1. Maí.** BSRB hefur vísað utanumhaldi hátíðarhaldanna frá sér til félaganna.

b) **112 dagurinn óbreytt.** Hefðbundin dagskrá 11. Febrúar þar sem verðlaun úr eldvarna getraun verða afhent.

c) **Facebook síða**

## 14. Mál til kynninga